

1423

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 323/1996.

Páll B. Kristjánsson

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Flugleiðum hf.

(Jakob R. Möller hrl.)

Flugskírteini. Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1996. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 7.594.112 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. janúar 1994 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll B. Kristjánsson, greiði stefnda, Flugleiðum hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar

Mál þetta snýst ekki um fjarvistir áfrýjanda úr starfi hjá stefnda eða uppsögn á því starfi vegna yfirsjóna hans, heldur varðar það missi hans á réttindum til að starfa sem atvinnuflugmaður, hvort heldur fyrir stefnda eða aðra, og gildi umsaminnar váttryggingar hans gegn tjóni af þeim atburði.

Áfrýjandi var um árabíl handhafi atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks fyrir flugvél samkvæmt gr. 2.5. í reglugerð nr. 344/1990 um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, sbr. áður reglugerðir nr. 329/1986 og 301/1978 um sama efni og reglugerð nr. 184/1949 um fluglið. Með bréfi til hans frá framkvæmdastjóra Loftferðaeftirlits 5. nóvember 1993 var það staðfest af hálfu Flugmálastjórnar, að hann teldist sviptur þessum réttindum. Var bréfið í formi tilkynningar um afstöðu trúnaðarlækna Flugmálastjórnar til heilbrigðisvottorðs hans, sem rakin er í hinum áfrýjaða dómi. Ágreiningslaust er í málinu, að þessi réttindasvipting hafi verið endanleg. Verður hún rakin til 9. júlí 1993, þegar trúnaðarlæknarnir afturkölluðu heilbrigðisvottorð hans, en áfrýjandi var þá á 42. aldursári og í starfi hjá stefnda.

Með ákvæðum í kjarasamningi milli Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og stefnda hafði stefndi tekið að sér að kosta tryggingu á skírteini hvers flugmanns, er starfaði hjá honum, fyrir tiltekinni váttryggingarfjárhæð. Skyldi hún ná yfir réttindamissi um stundarsakir, sem hér skiptir ekki máli, og réttindamissi vegna aldurshrönnunar flugmannsins fyrir 60 ára aldur með skertri tryggingarvernd, eftir að 55 ára aldri væri náð. Ráða mátti af ákvæðunum, að með aldurshrönnun væri einkum átt við afleiðingar sjúkdóma eða slysa, sem að höndum bæri. Var sérstaklega að því kveðið, að tryggingin tæki að fullu til veikinda, sem væru „að uppruna sálræn (psychotic og psychoneurotic) eða af flogaveiki spunnin“, með sama hætti og annarra veikinda. Jafnframt mátti sjá, að um hóptryggingu væri að ræða, en auk hennar tók stefndi að sér að greiða tiltekið iðgjald hvers flugmanns af skírteinistryggingu hans á vegum Alþjóðasambands atvinnuflugmanna (IFALPA), sem var einstaklingsbundin.

Ákvæði þessi voru í 8. gr. kjarasamnings frá 14. júní 1992, þegar áfrýjandi missti réttindi sín, og tók samningsgreinin einnig til slysa-tryggingar, farangurstryggingar og hóplíftryggingar í þágu flugmanna. Ákvæðin voru fyrst tekin upp í kjarasamning FÍA við Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. frá 11. maí 1973, en síðan mótuð nánar í samningi sömu aðila frá 21. maí 1974. Er tryggingaþáttur þess samnings efnislega samhljóða samningnum frá 1992 að öðru en því, að ákvæði um hóplíftryggingu voru þá á frumstigi.

Af hálfu beggja málsaðila er á því byggt, að skuldbindingin um hóptryggingu flugmannsskírteina hafi hvílt á stefnda með þeim hætti, að félaginu bæri sjálfu að reiða af höndum umsamdar bætur, þegar skírteinissmissi bæri að. Hafi það verið háð ákvörðun félagsins, hvernig kaupum á váttryggingu vegna skuldbindingarinnar yrði háttað á hverjum tíma. Í samræmi við þetta hefur stefndi ekki andmælt kröfu áfrýjanda á þeim grundvelli, að henni væri ranglega beint gegn sér. Á hinn bóginn er ljóst af orðafari og atvikum, að samningsgerðin um þessa skuldbindingu hafi frá upphafi verið við það miðuð, að um væri að ræða áhættu, sem unnt væri að kaupa váttryggingu fyrir á alþjóðlegum markaði, og að það væri meðal frumskyldna flugfélaganna að sjá fyrir því með slíkum kaupum, að hagsmunum hinna tryggðu flugmanna væri nægilega borgið. Ætla verður, að samningsaðilar hafi haft fyrir augum einhverja skilmála eða upplýsingar um verndarsvið fánlegra váttrygginga, þótt ekki liggi hér fyrir, hverjar þær hafi verið. Jafnframt verður að telja ljóst, að ákvæði kjarasamninganna um rétt FÍA til að fylgjast með keyptum váttryggingum vegna félagsmanna sinna hafi náð til hinnar umdeildu skírteinistryggingar, þótt ekki sé staðfest, að gögn um þau viðskipti hafi verið send FÍA með reglulegum hætti.

Um aðgerðir flugfélaganna og FÍA að þessu leyti er það eitt fram komið, að stefndi hafi undanfarin ár haldið uppi váttryggingu á skírteinum flugmanna sinna gegn missi af völdum slysa eða sjúkdóma hjá félaginu Vita Life Insurance Company Ltd. í Sviss og hún verið tengd hóplíftryggingu flugmanna hjá sama félagi, er kjarasamningurinn náði einnig til. Hafi váttryggingarfjárhæð á árinu 1991 þar numið sem næst 75% af umsaminni fjárhæð samkvæmt kjarasamningi, en verið lækkuð í sem næst 50% hennar á árinu 1993. Afgangur samningsfjárhæðarinnar hafi verið í eigin áhættu stefnda.

Ágreiningur málsaðila lýtur í raun að því einu, hvort drykkjusýki áfrýjanda, sem var orsök að skírteinissmissi hans, geti talist til veikinda af sálrænum uppruna í merkingu þeirra ákvæða kjarasamningsins, sem fyrr var til vitnað. Einn af forvígismönnum FÍA, sem tók þátt í gerð kjarasamninganna 1973 og 1974, hefur staðfest fyrir dómi, að til umræðu hafi þá komið, að minnsta kosti í röðum flugmanna, að áfengissýki væri meðal þess, sem ákvæðin myndu ná til. Engin ástæða er til að draga þennan framburð í efa, svo langt sem

hann nær, og það því fremur, að enginn forvígismanna flugfélaganna frá þessum tíma hefur komið fyrir dóm í málinu. Hann einn ræður þó ekki úrslitum, heldur ber jafnframt að líta til hins, að flugfélögin höfðu enga yfirgnæfandi hagsmuni af að þrengja vernd flugmanna með því að útiloka þennan sjúkdóm, ef hægt væri að fá váttryggingu, sem til hans næði, með viðunandi kjörum. Af hálfu stefnda hefur ekki verið reynt að skýra, hvernig aðstæður á tryggingamarkaði voru að þessu leyti, og gögn málsins benda ekki til, að þetta hafi ekki verið aðilum innan handar, þ. e. flugfélögunum eða flugmönnum sjálfum, ef þeir hefðu viljað kosta váttrygginguna gegn því að fá hærri laun. Þannig sér þess hvergi stað í skilmálum þeirrar váttryggingar, sem stefndi hélt uppi árið 1993, að drykkjusýki hafi þar verið undanskilin meðal orsaka réttindamissis, nema þá helst, að hana mætti skilgreina sem hreint sjálfskaparvíti í því einstaka tilfelli, er til skoðunar kæmi.

Um tilfelli áfrýjanda liggur fyrir það álit trúnaðarlækna Flugmálastjórnar, sem þekktu heilsufar hans af reglubundinni skoðun um árábil og höfðu veitt ástandi hans sérstaka umfjöllun í þetta sinn, að hann hafi verið „haldinn krónískum alkóhólisma“, þannig að frekari útgáfa heilbrigðisvottorðs handa honum kæmi ekki til greina. Ætla verður meðal annars, að lækarnir hafi talið drykkjusýki hans á svo háu stigi, að tilgangslaust væri að vísa honum á frekari læknismeðferð í þeirri von, að hann gæti síðar hafið störf sem óvirkur áfengissjúklingur, þar sem ekki yrði séð fyrir, að það gæti gerst, án þess að flugöryggi væri stofnað í hættu, sbr. ákvæði gr. 6.3.2.2. í fyrrnefndri reglugerð nr. 344/1990.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram sérstakt mat á því, hvort drykkjusýki hans sé af sálrænum uppruna í þeim skilningi, að neysla hans á áfengi verði rakin til geðrænnar veilu fremur en veilan til neyslunnar. Eins og málið er vaxið, verður ekki á það fallist, að þörf sé á slíku mati. Viðurkennt er á læknisfræðilegan mælikvarða, að þessi sýki sé sjúkdómur af geðrænum toga, sem eigi sér flóknar orsakir almennt á litið. Álit trúnaðarlækna Flugmálastjórnar leiðir eindregið í ljós, að áfrýjandi sé háður sjúkdómnum í meira mæli en svo, að honum sé ætlandi að hafa hann á valdi sínu. Engin efni eru til að gera því skóna, að sjúkdómurinn sé áfrýjanda sjálfskaparvíti eða beri vott um stórkostlegt gáleysi, er þýðingu hafi samkvæmt al-

mennum reglum á sviði váttrygginga. Stefndi hefur og ekki reynt að gera líklegt, að stöðu áfrýjanda sé þannig farið, heldur byggir hann fyrst og fremst á viðhorfum til áfengisneyslu og drykkjuhneigðar, sem hann telur ríkja á vinnumarkaði. Þau viðhorf eiga hér hins vegar ekki við með þeim hætti, að nokkru máli skipti.

Með hliðsjón af því, sem áður var rakið, verður að telja ljóst, að orð og markmið hinna umdeildu ákvæða kjarasamningsins styðji þá niðurstöðu, að hin umsamda váttrygging á skírteinum flugmanna hafi átt að ná til drykkjusýki, er meta yrði sem sjúkdóm á alvarlegu stigi. Jafnframt virðast atvik að réttindamissi áfrýjanda eindregið með þeim hætti, að váttryggingin hafi náð til hans. Samkvæmt því og kröfugerð málsaðila er það niðurstaða mín, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu váttryggingarfjárhæð ásamt við-eigandi vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., var höfðað með þingfestingu og framlagningu sóknargagna 28. nóvember 1995.

Stefnandi er Páll B. Kristjánsson, kt. 081051-2919, Dynskógum 23, Hveragerði.

Stefndi er Flugleiðir hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkurflugvelli.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.594.111 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. 1. 1994 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. janúar 1995. Krafist er málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Málavextir.

Stefnandi hlaut flugréttindi árið 1971 og réðst árið 1977 til Flugfélags Íslands hf., en síðar til Flugleiða hf. eftir sameiningu félaganna. Stefnandi hefur um árabil átt við áfengisvanda að stríða. Með bréfi, dags. 8. janúar 1990, tilkynnti trúnaðarlæknir Flugmálastjórnar stefnanda, að á fundi trúnaðarlækna 5. janúar 1990 hefði verið ákveðið, að heilbrigðisvottorð hans yrðu ekki endurnýjuð. Ákvörðunin skyldi endurmetin í fyrsta lagi í janúar 1991.

Í bréfi starfsmannastjóra stefnda, dags. 7. mars 1991, kemur fram, að stefnandi hafi hafið störf að nýju hjá stefnda. Í bréfinu segir, að á undan-

förnum árum hafi áfengissýki háð stefnanda í starfi. Hafi hann iðulega fengið áminningar vegna þessa og í tvígang gengist undir áfengismeðferð. Síðan segir orðrétt: „Nú, þegar þú kemur til starfa á ný, treystir félagið því, að þú hafir náð fullum tökum á vandamálinu. Komi annað á daginn, hefur þú fyrirgert starfi þínu hjá félaginu, og verður litið á það sem tafarlausa uppsögn af þinni hálfu.“

Með bréfi trúnaðarlæknis Flugmálastjórnar, dags. 27. ágúst 1993, var framkvæmdastjóra Loftferðaeftirlits tilkynnt, að eigi yrði unnt að endurnýja heilbrigðisvottorð stefnanda. Með bréfi, dags. 30. ágúst 1993, tilkynnti starfsmannastjóri stefnda stefnanda, að þar sem áfengisvandamál stefnanda væri enn óleyst og hefði nú valdið því, að hann sé ófær um að gegna starfi sínu, líti félagið svo á, að hann hafi látið af starfi hjá stefnanda. Var stefnandi felldur af launaskrá hjá félaginu frá og með 1. september 1993. Í bréfinu var vísað til fyrra bréfs félagsins frá 7. mars 1991.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 1993, tilkynnti framkvæmdastjóri Loftferðaeftirlits stefnanda, að trúnaðarlæknar Flugmálastjórnar hefðu tekið heilbrigðisástand stefnanda til sérstakrar umfjöllunar. Í bréfinu segir síðan: „Þeir telja, að þér uppfyllið ekki hæfisskilyrði reglugerðar um skírteini, út gefin af Flugmálastjórn, telja yður haldinn krónískum alkóhólisma og að um varanlegan hæfisbrest sé að ræða hjá yður samkvæmt ákvæðum nefndrar reglugerðar, sem er nr. 344/1990. Þar af leiðandi sé þeim ókleift að standa að útgáfu heilbrigðisvottorðs yður til handa, og lýsa því yfir, að þeir muni ekki endurnýja það“.

Með bréfi, dagsettu 7. desember 1993, óskaði Félag íslenskra atvinnuflugmanna eftir greiðslu á skírteinistryggingu stefnanda í samræmi við grein 08-3 í gildandi kjarasamningi milli félagsins og stefnanda. Kröfu þessari hafnaði stefndi með bréfi, dagsettu 4. janúar 1994.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður ljóst, að stefndi telji, að stefnandi hafi endanlega misst flugréttindi sín og muni ekki fljúga aftur sem starfsmaður stefnda. Í 8. kafla kjarasamnings stéttarfélags stefnanda og stefnda sé ákvæði um tryggingar gagnvart þeim flugliðum, sem missi flugskírteini sín, sbr. gr. 08-3. Þar sé tekið fram, að stefndi skuli tryggja skírteini hvers flugmanns fyrir 6.971.168 kr. og að fjárhæðin skuli miðuð við vísitölu maímánaðar 1991, en taki síðan breytingum eftir því, sem vísitalan breytist. Í 5. mgr. gr. 08-3 séu þessi atriði frekar ítrekuð og staðfest, að tryggingin taki til skírteinissmiss vegna veikinda, sem séu að uppruna sálræn (psychotic eða psychoneurotic) o. s. frv.

Óumdeilt sé, að drykkjusýki falli undir hugtök læknisfræðinnar og sé skilgreind sem veikindi, sem m. a. megj rekja til sálrænna ástæðna. Stéttar-

félag stefnanda og stefndi hafi með samningi tekið ótvírætt á þessu atriði í 8. kafla kjarasamningsins. Þá sé það einnig hluti málavaxta, að stefndi hafi keypt sér tryggingu hjá svissneska fyrirtækinu Vita Life Insurance Company Ltd. gegn áföllum, sem hann kynni að verða fyrir vegna samnings-ákvæðis í gr. 08-3, en veikindi vegna drykkjusýki séu ekki undanskilin í tryggingarskírteini svissneska tryggingafyrirtækisins. Neitun stefnda um greiðslu tryggingarþóta sé því illskiljanleg í ljósi þeirrar staðreyndar. Skýrist þetta atriði betur með samanburði við aðra tryggingu, sem allir flugmenn hafi hjá félaginu IFALPA, svo og samanburði þeim, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hafi tekið saman fyrir stéttarfélag stefnanda, en bæði þessi gögn séu meðal málsskjala.

Málsástæður stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi til að minnka áhættu sína keypt skírteinistryggingu hjá Vita Life Insurance Company Ltd. vegna stefnanda og annarra flugmanna sinna, að fjárhæð 50.000 bandaríkjadali eða sem svari tæpum helmingi tryggingarfjárhæðarinnar vegna skírteinistryggingarinnar í grein 08-3 í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda. Samkvæmt 3. gr. tryggingarskilmálanna, sem fjalli um inngöngu í trygginguna, sé krafist skýrslu um heilsufar flugmanna, hafi flugmaður verið frá vinnu meira en fimm daga samfellt síðustu þrjá mánuði, áður en trygging hefst, sem hafi verið 1. janúar 1991, eða í þrjá mánuði eða lengur síðustu þrjú árin. Slíkri skýrslu hafi ekki verið skilað vegna stefnanda, en hann hafi verið fjarverandi vegna missis heilbrigðisvottorðs í 13 mánuði 1989-1991. Þá hafi umboðsmaður tryggingafélagsins gert viðvart um, að 8. gr. tryggingarskilmálanna um undantekningar frá greiðsluskyldu kunni að eiga við um kröfu stefnanda.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að skírteinistrygging sú, sem stefndi hafi tryggt flugmönnum með gr. 08-3 í umræddum kjarasamningi, taki ekki til hæfisbrests vegna áfengissýki. Áfengissýki verði ekki jafnað til veikinda samkvæmt kjarasamningi aðila. Þá sé áfengissýki ekki meðal þeirra veikinda, sem tekið sé sérstaklega fram í 4. mgr. sömu greinar, að tryggingin taki að fullu til. Í því sambandi skipti engu máli, af hvaða orsökum sjúkdómurinn kunni að stafa. Áfengissýki teljist almennt ekki til sjúkdóms í skilningi kjarasamninga. Því hefði þurft að taka það fram berum orðum, ef annað ætti að gilda um skírteinistrygginguna. Þar breyti engu, þótt áfengissýki kunni í læknisfræðilegum skilningi að teljast veikindi. Stefndi hafi aldrei skuldbundið sig til að tryggja stefnanda bætur vegna skírteinissmiss sökum áfengissýki. Að auki sé ósannað, að áfengissýki stefnanda sé sálræn að uppruna.

Samkvæmt gr. 08-3 í kjarasamningnum taki stefndi að sér að tryggja skírteini flugmanna með þeim skilmálum, sem þar séu tilgreindir. Stefndi hafi einungis ábyrgst þá tryggingu, sem þar sé kveðið á um. Réttur stefnanda ráðist þannig eingöngu af kjarasamningi aðila. Það hafi síðan verið stefnda að ákveða, hvort sú trygging yrði á eigin áhættu eða hvort hann keypti tryggingu til að minnka áhættu sína. Trygging sú, sem stefndi hafi keypt sér vegna umsaminnar tryggingarupphæðar eða hluta hennar, veiti stefnanda því engan frekari rétt.

Enda þótt áfengissýki sé ekki berum orðum undanþegin í tryggingarskilmálum Vita Life, liggi ekkert fyrir um, að tryggingin taki til skírteinissis af þeim völdum. Af hálfu umboðsmanns tryggingafyrirtækisins hafi þvert á móti verið bent á, að undanþáguákvæði tryggingarskilmálanna kunni að eiga við. Þá geti einnig verið áhöld um gildi tryggingarinnar vegna missis heilbrigðisvottorðs stefnanda árið 1989.

Þá sé einnig byggt á því af hálfu stefnda, að stefnandi hafi þegar látið af störfum hjá félaginu og ráðningu hans verið slitið, þegar ákvörðun Flugmálastjórnar um réttindamissi var tekin.

Stefndi kveðst ítreka vegna þeirrar staðhæfingar stefnanda, að stefndi hafi lítið svo á, að fjarvistir stefnanda á árunum 1989 til 1991 væru vegna veikinda, að stefndi hafi aldrei skuldbundið sig til að líta á forföll og vanhæfi sökum drykkjusýki sem veikindi. Það skapi stefnanda engan rétt, þótt stefndi hafi áður greitt honum veikindalaun umfram skyldu.

Fyrir dómi gáfu vitnaskýrslur Kristján Egilsson flugstjóri og Valur Ásgeirsson, forstöðumaður fjárreiðudeildar stefnda.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi var flugmaður og starfaði sem slíkur í ein 20 ár, síðast hjá stefnda, þegar honum var sagt upp störfum. Óumdeilt er í málinu, að stefnandi missti flugskírteini sitt vegna áfengissýki.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur stefnda á ákvæði kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda frá 14. júní 1992. Samkvæmt gr. 08-3 í samningnum tryggir stefndi skírteini hvers flugmanns á sinn kostnað. Í 5. mgr. sömu greinar segir, að tryggingin taki „að fullu til veikinda, sem eru að uppruna sálræn (psychotic eða psychoneurotic) eða af flogaveiki spunnin, með sama hætti og til annarra veikinda“. Byggir stefnandi á því, að áfengissýki falli undir þessi hugtök læknisfræðinnar, og sé hún skilgreind sem veikindi í þessu samhengi.

Kristján Egilsson, formaður stéttarfélags flugmanna, kom fyrir dóminn

sem vitni, en hann hefur tekið þátt í samningsgerð um kjaramál flugmanna allt frá árinu 1974. Vitnið kvaðst hafa komið að samningamálefnum flugmanna allt frá árinu 1967. Vegna eðlis flugmannsstarfsins hafi flugmönnum verið mjög í mun að tryggja starfsréttindi sín. Því hafi verið fenginn tryggingafræðingur til að fara í gegnum öll þessi mál. Vitnið kvaðst hafa komið að kjarasamningunum, sem gerðir hafi verið árið 1974, þar sem umrædd skírteinistrygging hafi verið tekin upp. Innan raða flugmanna hafi áfengissýki verið rædd, þegar ákvæði um sálræn veikindi hafi borið á góma í þessu sambandi. Taldi vitnið, að samningsaðilar á þeim tíma hefðu verið með áfengissýki í huga, þá er ákvæðið var tekið upp. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að um það hefði verið rätt innan raða flugmanna, að áfengissýki væri meðal þeirra sálrænu veikinda, sem skírteinistryggingin tæki til, en gat ekki full-yrt, hvort þetta hefði komið til umræðu milli samningsaðila. Á þeim tíma hefði hins vegar ekki verið rätt jafnopin-skátt um áfengissýki og nú sé gert, og því hefði ekki verið við hæfi að mati vitnisins að setja orðið áfengissýki inn í samninginn. Vitnið kvað kjarasamningsatriði þetta hafa staðið óbreytt í síðari kjarasamningum flugmanna.

Vitnið Valur Ásgeirsson upplýsti, að stefndi hefði keypt tryggingu hjá erlendum aðila að hálfu leyti vegna þeirrar áhættu, sem félagið hefði tekið með skírteinistryggingu flugmanna, en félagið sé með sjálfsáhættu að hálfu. Sé þannig staðið að greiðslu tryggingar þessarar, að stefndi greiði viðkomandi flugmanni tryggingabætur og sækir síðan helming þeirra til tryggingafélagsins. Stefndi hafi aldrei greitt tryggingabætur vegna áfengissýki.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1984, bls. 439, kemur fram, að enda þótt drykkjusýki kunni að teljast sjúkdómur í læknisfræðilegum skilningi, hafi fjarvistir manna frá vinnu vegna áfengisneyslu eða drykkjuhneigðar lengst af verið virtar að lögum á annan veg en fjarvistir vegna veikinda eða slysa.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, svo sem með framburði Kristjáns Egilssonar, var um það rätt meðal samningamanna flugmanna við gerð kjarasamningsins árið 1974, að áfengissýki væri meðal þeirra sálrænu veikinda, sem skírteinistryggingin tæki til, og taldi vitnið, að báðir samningsaðilar hefðu verið með áfengissýki í huga, þá er umrætt ákvæði var tekið upp í samninginn. Af hálfu stefnda er þessum skilningi neitað.

Hið umdeilda ákvæði kjarasamnings aðila, sem stefnandi miðar við í máli þessu, hefur staðið óbreytt, frá því að það var fyrst tekið upp í samninginn árið 1974. Ákvæðinu hefur því ekki verið breytt á þann veg, að tryggt væri, að áfengissýki félli þar undir, þrátt fyrir opnari umræðu um eðli áfengissýki. Það hefði hins vegar verið eðlilegt í ljósi vilja flugmanna til að tryggja réttindi sín sem best, þ. á m. vilja þeirra til, að áfengissýki félli undir þau sál-

rænu veikindi, sem tryggð væru með umræddri skírteinistryggingu. Þá hefði það einnig verið eðlilegt með tilliti til niðurstöðu áðurnefnds dóms Hæstaréttar. Það er því álit dómsins, að taka hefði þurft á þessu atriði sérstaklega í kjarasamningi. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Gegn neitun stefnda telst því ósannað, að um þetta atriði hafi verið samið í kjarasamningi árið 1974 eða síðar. Telst áfengissýki því ekki falla undir veikindahugtak kjarasamnings stéttarfélags stefnanda og stefnda.

Stefnandi reisir kröfugerð sína gagngert á umræddum kjarasamningi. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðila um sig beri sinn hluta málskostnaðar.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Flugleiðir hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls B. Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
